

Skeiða – og Gnúpverjahreppur

Tillaga að fjárhagsáætlun 2019-2022

Lögð fram til síðari umræðu

05.12.2018

Skeiða – og Gnúpverjahreppur Fjárhagsáætlun 2019

Helstu forsendur áætlunar :

Aðalsjóður- skatttekjur :

Reiknað er með útsvarstekjur sveitarfélagsins nemi kr 307,7 mkr 2019 auk eftirstöðva útsvars frá 2018 sem áætluð eru 14 mkr. Er þar lækkun frá áætlun frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um 19.7 mkr. Nemur áætluð hækkun samtals um 26,7 mkr frá áætlun ársins 2018 mkr. Forsendur eru byggðar á áðurnefndri áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga . Sú áætlun er lækkuð um 15 % vegna líklegrar fækkunar „tímabundinna íbúa“

Áætlun um fasteignaskatt er byggð á bráðabirgðaálagningu á fasteignamati sem gildir fyrir árið 2019. Hún er keyrð í forriti frá FMR. Samkvæmt því er áætlað að hann hækki um 67,5 mkr og verði um 262,4 mkr. Til kemur almenn hækkun á fasteignamati ásamt fullnaðarmati á nýrri virkjun, Búrfell 2. Lækun fasteigangskatts samkvæmt tekjuviðmiðum er áætluð um 1.7 mkr. Viðmiðin eru hækkuð talsvert frá árinu 2018.

Framlög úr Jöfnunarsjóði eru áætluð samkvæmt upplýsingum frá sjóðnum 55,5 mkr. Þar er gert ráð fyrir talsverði lækkun eða um 15.6 mkr frá áætlun 2018. Greiðslur frá sjóðnum verða talsvert hærrí árið 2018 en ætlað var.

Aðalsjóður-rekstur málaflokka :

Rekstur einstakar málaflokka hefur verið yfirarinn með því að taka út stöðu einstakra málaflokka í lok september 2018 og borið saman við stöðu á sama árstíma á árinu 2017. Leitast er við að námunda líkleg útgjöld til ársloka 2018. Einstakir liðir í fjárhagsáætlun hafa tekið mið af því. Fundir voru haldnir með stjórnendum rekstrareininga. Reiknað er með að verðlagsbreytingar verði 2,7 %. Í námunda við spár Sambands íslenskra sveitarfélaga en þar er áætlað að almenn hækkun verði sem því nemur. Í allmörgum tilvikum er ástæða til að hækkun verði með öðrum hætti en spá sambandsins gerir ráð fyrir.

Þær þjónustutekjur sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlæðar með hliðsjón af fasteignamati og gjaldskrá.

Aðalsjóður – fjármunatekjur og fjármagnsgjöld :

Gert er ráð fyrir vaxtatekjum af innistæðum og að sama skapi er gert ráð fyrir vaxtagjöldum og verðbóðtum af langtímalánum. Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast

vaxtatekjur af langtímakröfum aðalsjóðs á eignasjóð og þjónustustöð og B-hlutastofnanair og færast það sem vaxtagjöld hjá viðkomandi stofnunum.

Önnur atriði :

Gengið er út frá því að afborganir af lána sem sveitarfélagið er greiðandi að verði í samræmi við skilmála þeirra.

Eignasjóður – rekstur :

Þar færast til tekna leigutekjur frá aðalsjóði. Útreikningur er byggður á leigu sem áætluð er fyrir árið 2019 og er hún hækkuð um 2,84 %. Samkvæmt ráðgjöf KPMG. Þess ber að geta að gerðar voru breytingar á leigu eignasjóðs á árinu 2018. Í nokkrum tilfellum kom til lækkun á leigunni.

Hrein rekstrargjöld svo sem viðhald, fasteignagjöld og tryggingar færast beint til gjalda.

Eignasjóður – fjármunatekjur og fjármagnsgjöld :

Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld af langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána.

Eignasjóður : Fjárfestingar og lántökur :

Gert er ráð fyrir fjárfestingu í eignasjóði að fjárhæð 68,0 mkr. Samtals er reiknað með að leggja 96.560 þkr samtals í A og B hluta. Framlag 10 mkr vegna endurbóta á Skeiðalaug. Vegna framkvæmda í félagsheimilinu Brautarholti 5 mkr. Gatnagerð 34 mkr. Að frádregnum gatnagerðargjöldum. Að mestu er um að ræða eftirstöðvar gatnagerðar og lagnaverkefni í Árnes- og Brautarholtshverfum sem hafa að mestu verið unnar á árinu 2018. Fyrirhugað er að leggja í kostnað við vegagerð að lóðum við Árneshverfi. Í fjallaskála verður lögð 1 mkr. Tjaldsvæði stendur til að lagfæra fyrir 2 mkr. Tillaga er um að leggja 27 mkr til kaupa á leiguíbúðum. Loks er unnið að samstarfsverkefni með öðrum sveitarfélögum í héraðinu um syruhótel. Í það verða lagðar 7.560 þkr.

Fjárfesting			
Fjárfesting	2019	Framlög og styrkir	
		Fjárfesting	Styrkir
Eignasjóður / Skeiðalaug.....		10.000	10.000
Eignasjóður/ Brautarholt.....		5.000	5.000
Eignasjóður / Vegakerfi Brautarholt -Árnes.....		42.000	8.000 34.000
Vegir að lóðum.....		10.000	10.000
Eignasjóður / Fjallaskálar.....		1.000	1.000
A hluti.....		68.000	8.000 60.000
Tjaldsvæði.....		2.000	2.000
Leiguíbúðir.....		27.000	27.000
Seyruhótel samstarfsverkefni.....		7.560	7.560
A- og B-hluti.....		104.560	8.000 96.560

Ekki er gert ráð fyrir lántökum í áætluninni. Ef til bygginga á leiguíbúðum kemur, er reiknað með að leggja þurfi fram sérstaka áætlun þar um.

Þjónustustöð- Áhaldahús

Við áætlun þjónustumiðstöðvarinnar er miðað við að kostnaði stofnunarinnar sé deilt út á aðra málaflokka og stofnanir, þar sem starfsmaður þjónustumiðstöðvar vinna að þjónustu við þær.

B-hluta stofnanir :

Félagslegar íbúðir :

Gert er ráð fyrir hagnaði á rekstri að fjárhæð 2,1 mkr að teknu tillit til framlags frá Aðalsjóði að fjárhæð 1,6 mkr. Sjóðstreymi sýnir að 1,0 mkr vanti til að rekstur standi undir sér. Umsamdar afborganir nema 0,8 mkr. Styrkur er veittur úr aðalsjóði til að deildin standi undir skuldbindingum sínum.

Fráveita :

Gert er ráð fyrir taprekstri að fjárhæð 9,5 mkr. Tekjur nema um 6.7 mkr. Aðalsjóður veitir framlag 1,5 mkr til stuðnings rekstrinum. Afskriftir nema 4,8 mkr Að teknu tilliti til þess vantar 3,2 mkr til rekstrarins. Umsamdar afborganir langtímalána nema um 1,2 mkr. Byggt var upp fráveitukerfi í Brautarholtshverfi 2016-2017. Rekstur deildarinnar verður tekinn til endurskoðunar.

Hitaveita :

Áætlað er að hitaveita skili hagnaði um 470 þkr. Það gengur til hækkunar handbærs fjár.

Leiguíbúðir :

Gert er ráð fyrir að afgangur af rekstri leiguíbúða verði um 1,1 mkr. Eins og áætlun um sjóðstreymi gefur til kynna. Seld var íbúð á árinu 2018. Tillaga er um að fjárfesta í nýrri leiguíbúð á árinu 2019.

Fjarskiptafélag Skeiða – og Gnúpverjahrepps :

Félagið starfar undir sér kennitölu. Það hefur verið starfrækt síðan 2012. Gert er ráð fyrir tekjum í félaginu að fjárhæð 7,6 mkr á árinu 2019. Ca 1,8 mkr eru áætlaðar í rekstrarkostað og ófyrirséð. Fjármagnsgjöld nema um 4.0 mkr. Langtímalán eru á félaginu 41,4 mkr. Að teknu tilliti til fyrninga 4,2 mkr er áætlað bókhaldslegt tap 2,5 mkr.

Vatnsveita :

Gert er ráð fyrir að hagnaður nemi um 4,0 mkr. Huga þarf að framkvæmdum árið 2020.

Helstu niðurstöður :

Samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings er gert ráð fyrir að tekjuafgangur á samstæðu rektrarins árið 2019 verði 67,6 mkr.

Samkvæmt sjóðstreymisáætlun mun veltufé frá rekstri nema 101,1 mkr. Sem ganga til afborgana lána og til ráðstöfunar í fjárfestingar. Afskriftir nema 31,1 mkr. Samkvæmt samningum um endurgreiðslu lána er afborgun ársins 2019 áætluð um 7,1 mkr. Áætlað er að handbært fé nemi um 101,1 mkr í árslok 2019. Áætlað er að veltufé frá rekstri nemi 16,6%

Veltufjárhlutfall er áætlað 1,35 og eiginfjárhlutfall 80 %

Fjárhagsáætlun áráanna 2020- 2022

Skatttekjur, framlög úr jöfnunarsjóði og aðrar tekjur eru áætlaðar þær sömu og 2019. Verði útsvarsprósenta sú sama og verið hefur er áætlað að rekstrarniðurstaða verði jákvæð um 66,4 mkr 2020, 66,7 mkr 2021 og 68,6 mkr 2022. Áætlað er að virði eigna muni aukast og muni nema 1,186 mkr í lok árs 2022. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 100,9 mkr 2020, 102,0 mkr 2021 og 104,4 mkr árið 2022. Veltufjárhlutfall 2022 er áætlað 4,29 árið 2020 og eiginfjárhlutfall 84 %. Það gefur tilefni til að geta verði til að greiða niður skuldir hraðar en gert er hefur verið ráð fyrir. Auk þess er líklegt að svigrúm verði til að lækka álögur.

Helstu tölur í áætlun áráanna 2020-2022 eru eftirfarandi í þkr :

þkr	2020	2021	2022
Tekjur	730.457	730.457	730.457
Gjöld	- 658.499	- 659.300	-659.925
Fjármagnsliðir	- 5.527	- 4.445	-1.887
Rekstrarafgangur	66.431	66.712	68.645
Eigið fé	860.910	927.622	996.267

